



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 8. apríl 2019

USK2019040022

Borgarráð

Nýbyggingahverfi 2019.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir í nýbyggingahverfum 2019.

Kostnaðaráætlun 2 vegna þessara verkefna er samtals 400 mkr. Framkvæmdatími er áætlaður maí - nóvember 2019.

Greinargerð:

Um er að ræða eftirfarandi framkvæmdir:

- Úlfarsárdalur (hverfi 1). Framkvæmdir eru m.a. gangstéttar, stígagerð og ræktun í takt við þróun íbúðabygginga og uppbyggingar á nýjum leik- og grunnskóla. Kostnaðaráætlun 2 er 200 mkr.
- Reynisvatnsás / Grafarholt. Framkvæmdir eru m.a. gangstéttar og gerð á opnu leiksvæði innan hverfis. Kostnaðaráætlun 2 er 35 mkr.
- Norðlingaholt. Framkvæmdir eru við gangstétt og þökulögn við Elliðabraut auk frágangs hljóðmanar við nýja íbúðabyggingu. Kostnaðaráætlun 2 er 35 mkr.
- Sléttuvegur. Framkvæmdir eru við gönguleiðir í hverfinu. Kostnaðaráætlun 2 er 40 mkr.
- Hádegismóar. Framkvæmdir eru gangstéttar og frágangur vegna uppbyggingar á atvinnulóðum. Kostnaðaráætlun 2 er 10 mkr.
- Hallar. Framkvæmdir eru gangstéttar og frágangur vegna uppbyggingar á atvinnulóðum. Kostnaðaráætlun 2 er 10 mkr.
- Almannadalur. Hestúshverfi og Fjárborg. Frágangur innan hverfis, reiðstígar og frágangur gatna. Kostnaðaráætlun 2 er 40 mkr.
- Gönguleiðir og ræktun. Um er að ræða frágang gönguleiða við Norðurfell, frágangur við Rauðarárstíg 1 og Bleikargróf 6. Kostnaðaráætlun 2 er 30 mkr.

Framkvæmdir þessar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðaráætlun 1: 400 mkr.

Kostnaðaráætlun 2: 400 mkr.

Kostnaðarstaður: 3104

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

